

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 249/2016

2018/EES/56/34

frá 2. desember 2016

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1796 frá 7. júlí 2016 um breytingu á ákvörðunum 2011/263/ESB, 2011/264/ESB, 2012/720/ESB og 2012/721/ESB til að taka tillit til þróunar í flokkun efna ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við liði 2e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/264/ESB), 2h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/263/ESB), 2zg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/720/ESB) og 2zh (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/721/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 D 1796:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1796 frá 7. júlí 2016 (Stjtíð. ESB L 274, 11.10.2016, bls. 55).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) nr. 2016/1796, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 274, 11.10.2016, bls. 55.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.